

Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands

Almennur stjórnarfundur

FUNDARGERÐ

Dags.	14. júlí 2016
Fundartími:	kl. 17:00
Fundarstaður:	Hallakur 1, 210 Garðabær
Fundastjóri:	Guðbjörg Hermannsdóttir
Fundarritari:	Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir
Mættir:	Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir, Sunna Ingvarsdóttir, Íris Ebba Ajayi, Guðbjörg Hermannsdóttir, Helga Karlsdóttir.

1. Nefndir innan félagsins

Rætt var um nefndir félagsins hvort allar væru virkar.

Núverandi aganefnd er búin að sitja 3 ár og hefði þurft að kjósa í nýja á seinasta aðalfundi.

Uppástunga var að fá allvega einn dýralækni í nefndina.

Ritnefnd leitar að greinahöfundum og þýðendum.

2. Haustsýningin

Rætt um að virkja húsnæðisnefndina. Kanna hvað sé í boði eða hvort taka ætti boðinu um frítt húsnæði í Grindavík.

Vekja þarf athygli söluaðila (fyrir básana) um komandi sýningu með a.m.k.mánaðar fyrirvara að sýning sé á næsta leyti.

Kanna hvort hægt sé að fá aðila með dýrasnyrtivörur.

Uppástunga kom með að skipta félagsmönnum í deildir og láta þar með eina deildina taka niður sýninguna og svo myndi þetta róterast á næstu sýningum.


3. Styrkaraðilar

Það vantar annan styrktaraðila að Kynjaköttum. Rætt var að athuga með öll

tryggingafélögin. Ræða þarf við auglýsingastjóra um þetta en ritari mun semja bréf þar sem taldir verða upp kostir fyrir tryggingafélag til að verða styrktaraðili að Kynjaköttum.

4. Skipuleggja betur verkefni stjórnar og nefnda

Boðað verður fljótlega á annan fund stjórnar ásamt sýningarriturum þar sem farið verður nánar í skipta niður verkefnum.



Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands

Almennur stjórnarfundur

FUNDARGERÐ

5. Önnur mál

Rætt var um vinningsflokkinn Stigahæsti ræktandinn, sem kom upp á aðalfundi 2016. Stjórn er sammála að honum þurfi að breyta og verður þetta tekið upp á næsta fundi.

- 6.** Rætt var um að koma á farandbikurum, mál sem kom upp á aðalfundi 2016. Þetta verður rætt frekar á félagsfundi sem verður boðaður í ágúst. Hugmyndir komu upp með að merkja rósettur, platta, peninga eða annað til eigu.

Rætt var um kynningar fyrir félagsmenn, þarf að ganga frá því sem fyrst ef einhverjar verða fyrir næstu sýningu.

Fundi slitið kl. 18:20